

Tillaga til 474. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 15. apríl 2021

Bæjarfulltrúar Í-listans leggja til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að bæjarstjóra og sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs verði falið að móta hugmyndir af framtíðarskipulagi þjónustumiðstöðvar. Markmiðið verði að tryggja góða þjónustu og getu þjónustumiðstöðvar til að sinna hinum ýmsu viðhalds- og rekstrarverkefnum til hagsbóta fyrir bæjarbúa og atvinnulíf. Kortleggja þarf hvaða verkefni á að vera á hendi þjónustumiðstöðvar og hvernig á að sinna þeim. Skoða mætti að sameina starfsemi þjónustumiðstöðvar við aðrar stofnanir bæjarins, eins og höfnina eða skíðasvæðið til að byggja upp sterkari einingu.